



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. nóvember 2022  
2210209/0.4.1

Efni: Umsögn til þingsályktunar um umboðsmann sjúklinga.

Landlæknir tekur undir með flutningsmönnum þingsályktunartillögunnar að því er varðar mikilvægi þess að standa vörð um hagsmuni og réttindi sjúklinga. Það má þó velta því fyrir sér hvort rétt er að stofna sér embætti eða hvort það ættu að vera trúnaðarmenn/umboðsmenn tengdir eða innan heilbrigðisstofnana, eins og reyndar er stuttlega rætt í greinargerð, t.d. sér fyrir þær stærstu, sameiginlega fyrir þær minni.

Áhyggjur embættis landlæknis varða dreifingu krafta og fjármuna sem hætta er á þegar stofnuð eru minni embætti en bæði mannauður sem sinnir þessum málaflokki sem og fjármunir almennt í stjórnsýslu hafa verið takmarkaðir.

Eins og fram kemur í greinargerð er málsmeðferð tengd kvörtunarmálum hjá embætti landlæknis þung í vöfum og tekur of langan tíma. Embætti landlæknis tekur svo sannarlega undir það. Til þess að bæta úr því þyrfti annað eða hvoru tveggja að fjármagna þennan málaflokk hjá embætti landlæknis mun betur eða breyta lögum um meðferð kvartana. Eins og embætti landlæknis hefur margoft bent heilbrigðisráðuneyti á og eins og sjá má í ársskýrslum og á vef embættisins hefur kvörtunum fjölgað mjög, eða um 73% milli ára 2016 og 2021.

Þá hefur tilkynntum alvarlegum atvikum fjölgað um 40% á sama tímabili. Ekki hefur hins vegar verið bætt í bjargir embættisins samhliða, varðandi mannskap og fjármuni til að afla umsókna frá óháðum sérfræðingum eins og lög kveða á um. Þó svo að sjúklingar fengju opinberan talsmann verður ekki séð að það myndi auka hraða málsmeðferðar í kvartanamálum, því miður.

Virðingarfyllst,

---

Alma D. Möller  
landlæknir

